

**Reglur Borgarbyggðar um veitingu fjárstyrks vegna lögmannaðstoðar sbr. 47. gr.  
barnaverndarlaga nr. 80/2002**

**1. gr.  
Gildissvið**

Barnaverndarþjónusta Borgarbyggðar veitir fjárstyrk til að greiða fyrir lögmannaðstoð, foreldra eða annarra forráðamanna barna eða ungmenna 15 ára og eldri, vegna málsmeðferðar fyrir Umdæmisráði landsbyggða, áður en ráðið kveður upp úrskurð, sbr. 1. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Barnaverndarþjónustan veitir aðilum máls jafnframt fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar í tengslum við rekstur máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Aðeins er veittur fjárstyrkur þegar kemur til greina að beita þvingunarúrræðum samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002. Veittur er fjárstyrkur vegna fyrirtöku hjá Umdæmisráði landsbyggða, þ.e. vinnuframlag vegna undirbúnings, mætingar á fund ráðsins og eftir atvikum við kynningu á niðurstöðum ráðsins.

Ekki er veittur styrkur vegna viðveru lögmanns á fundum með starfsmönnum barnaverndarþjónustu nema sérstaklega hafi verið óskað eftir viðveru lögmanns af hálfu starfsmanna. Ekki er veittur styrkur vegna ferðalaga og/eða ferðatíma lögmanna á fundi Umdæmisráðs landsbyggða eða eftir atvikum með barnaverndarþjónustu.

Þegar umsókn er metin, skal litið til fjárhags umsækjenda, enda leggi umsækjandi fram fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sína.

**2. gr.  
Skilyrði**

Fjárstyrkur til greiðslu lögmannaðstoðar er háður því að lögmaður hafi réttindi til málflyttings fyrir héraðsdómi, Landsrétti eða hæstarétti, sbr. lög nr. 77/1998, um lögmenn.

**3. gr.  
Réttindi málsaðila**

Foreldrar eða aðrir forráðamenn barna eða ungmenna velja sér sjálfir lögmann. Hið sama gildir um barn sem hefur náð 15 ára aldri og er aðili máls sbr. 1. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Ef barnaverndarþjónusta skipar barni talsmann sbr. 3. mgr. 46. gr. l. nr. 80/2002, gilda sömu reglur.

**4. gr.  
Umsóknarferli**

Starfsmenn barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar afgreiða umsóknir um fjárstyrk til greiðslu lögmannaðstoðar sbr. 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, sem berast þurfa áður en lögmaður hefur störf.

536

Umsókn um fjárstyrk vegna lögmannaðstoðar er aðgengileg á þjónustugátt Borgarbyggðar, þar sem umsækjendur auðkenna sig með rafrænum skilríkjum. Með umsókn skal fylgja áætluð tímaskýrsla lögmanns auk upplýsinga um eignir og tekjur umsækjanda þ.e. staðfest afrit af skattframtali, afrit af álagningarseðli, yfirlit yfir tekjur viðkomandi, staðgreiðslufirlit og önnur þau gögn er barnaverndarþjónusta kann að kalla eftir.

Heimilt er að veita styrk þegar efnahag umsækjanda er þannig háttað að kostnaður af gæslu hagsmuna hans yrði honum fyrirsjáanlega ofviða. Að jafnaði skal ekki veita styrk ef stofn til útreiknings tekjuskatts, útsvars og fjármagnstekjur styrkbeiðanda nema hærri fjárhæð en samanlögð upphæð örorku- og endurhæfingarlífeyrisgreiðslna einstaklings, tekjutryggingu og heimilisuppbót auk einfalds barnalífeyris eins og þær eru skildgreindar 1. janúar ár hvert. Sé styrkbeiðandi í hjúskap eða sambúð ber að hafa hliðsjón af tekjum maka og skulu samanlagðar árstekjur ekki nema hærri upphæð en ofangreint viðmið margfaldað með 1,6.

Þó er heimilt að veita styrk umfram framangreindar viðmiðunarfjárhæðir í sérstökum undantekningartilfellum, t.d. ef mál er sérstaklega umfangsmikið og flókið, framfærslukostnaður styrkbeiðanda er óvenjulega hár af einhverjum ástæðum, aflahæfi hans eða maka eða sambúðaraðila er verulega skert til frambúðar eða aðrar knýjandi ástæður mæla með því. Fjárhæð styrks skal metin af eðli og umfangi málsins og taka mið af efnahag umsækjanda samkvæmt framangreindu þegar ákvörðun um fjárstyrk er tekin.

Viðmiðunargjald vegna fjárstyrks miðast við ákveðna fjárhæð á hverja unna klukkustund lögmanns og er ákveðið í samræmi við viðmiðunarreglur dómstólasýslunnar, sbr. 5. gr. reglna þessa.

#### **5. gr. Viðmiðunarfjárhæðir**

Fjárhæð tímagjalds er í samræmi við 3. tl. 1.gr. leiðbeinandi reglna dómstólasýslunnar nr. 1/2023, um málsvarnarlaun eða þóknun til verjanda og þóknun réttargæslumanna og fl. Upphæðir uppfærast í samræmi við fyrrgreindar reglur. Við gjaldið er virðisaukaskatti bætt við í samræmi við fyrrgreindar reglur dómstóla.

Að jafnaði er ekki veittur fjárstyrkur umfram 15 tíma vegna meðferðar máls hjá Umdæmisráði landsbyggða og 10 klst. vegna meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd velferðarmála. Ef sýnt er að umfang aðkomu lögmanns fari umfram 15 tíma þarf lögmaður að leggja fram beiðni um fjölgun tíma ásamt ítarlegum rökstuðningi þar um.

Fjárstyrkur er greiddur til lögmanns samkvæmt sundurliðuðum reikningi og framlagðri tímaskýrslu.

#### **6. gr. Kæruheimildir**

Ákvörðun um fjárhæð styrkjar er kæranleg til úrskurðarnefndar velferðarmála, sbr. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

SBK


**7. gr.**  
**Upplýsingaskylda**

Reglur þessar eru kynntar forsjáraðilum barns eða eftir atvikum ungmenni af starfsmanni barnaverndarþjónustu ef mál þeirra sæta meðferð fyrir-Umdæmisráði landsbyggða, og þeim lögmönnum sem taka að sér að aðstoða þá.

**9. gr.**  
**Lagaskil**

Reglur þessar eru settar með stoð í 2. mgr. 47. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 og öðlast gildi við staðfestingu sveitarstjórnar Borgarbyggðar. Jafnframt falla úr gildi eldri reglur, samþykktar 2012.

**Þannig samþykkt á fundi velferðarnefndar Borgarbyggðar þann 21. maí 2024 og í sveitarstjórn Borgarbyggðar, þann 14. júní 2024.**

  
SVEITARSTJÓRN  
BORGARBYGGÐAR  
Stefán Bróddi Guðjónsson, sveitarstjóri

